

FRÉTTABRÉF

ábm. Dagný Rósa | skaga.byggd@simnet.is | www.skagabyggd.is

Brotajárnsheinsun

Brotajárni verður safnað saman í vikunni 5. - 9. ágúst n.k.

Brotajárnið þarf að vera á aðgengilegum stað fyrir vörubíl og timbur má ekki vera samanvið (áfastir girðingarstaurar).

Vinsamlegast hafið samband við oddvita fyrir 1. ágúst ef þið hafið hug á að nýta ykkur þessa brotajárnssöfnun.

Lögreglusamþykkt

Þann 13. júní s.l. birtist í B-deild Stjórnartíðinda sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Samþykktina má nálgast á heimasíðu Skagabyggðar.

Heimasíðan

Á heimasíðu Skagabyggðar má ýmislegt finna. Kíkið í heimsókn !

Norðurstrandarleið

Laugardaginn 8. júní s.l. var Norðurstrandarleið (Arctic coast way) opnuð með viðhöfn á Bakkafirði og Hvammstanga. Um er að ræða um 900 km leið meðfram Norðurströndinni, frá Hvammstanga í vestri til Bakkafjarðar í austri og liggur vegurinn út frá hringveginum í gegnum 18 sveitarfélög og 21 þorp eða bæi. Skagabyggð er hluti af þessari leið.

Miklar væntingar eru af þessu verkefni og fyrstu viðtökur eru mjög jákvæðar. Val Lonely Planet ferðaútgáfunnar á leiðinni, sem einum af 10 áhugaverðustu áfangastöðum í Evrópu á árinu 2019 er ánægjulegt.

Ný vegvísiskilti á leiðinni, brún að lit, skarta merki leiðarinnar. Þetta er í fyrsta sinn, sem slík skilti eru tekin í notkun á Íslandi, en þau eru þekkt víða um heim.

Ný heimasíða hefur sömuleiðis verið sett í loftið, en á www.arcticcoastway.is má nú sjá allt það helsta sem hægt er að sjá og gera á leiðinni.

Verkefnið hefur m.a. verið styrkt af Sóknaráætlun Norðurlands vestra.



LAUSNAM! ð

Bókhald og endurskoðun

Bókhald sveitarfélagsins hefur verið fært til fyrirtækisins Lausnamið ehf. á Skagaströnd eftir farsælt samstarf við KPMG á Sauðárkróki. Endurskoðun verður í höndum ENOR á Akureyri.

Plast og annað rusl

Landeigendur og umráðamenn lands eru hvattir til að tína upp plast og annað rusl í sínu nánasta umhverfi. Sérstaklega skal hugað að rúlluplasti sem og öðru landbúnaðarplasti sem á það til að fara af stað þegar vind hreyfir.



Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra halda úti síðunni www.ssnv.is og þar er ýmislegt að finna. SSNV er líka á Facebook.

Ágangur búfjár á heimalönd

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. júní s.l. var eftirfarandi bókun gerð:

„Sveitarstjórn hvetur landeigendur og umráðamenn lands til að viðhalda girðingum, bæði heimalandsgirðingum og veggirðingum. Sveitarstjórn beinir því til búfjáreigenda að þeir gæti þess að búfé þeirra valdi ekki ágangi á heimalönd annarra allt árið um kring. Þá ítrekar sveitarstjórn ábyrgð og skyldur búfjáreigenda og þar með talið að þeir gæti þess að ekki skapist slyshætta af búfé“.

Facebookhópurinn Íbúar Skagabyggðar

Vorið 2018 stofnaði Linda Björk á Steinnýjarstöðum Facebookhópinn Íbúar Skagabyggðar og er sá hópur ágætur vettvangur til skrafs og ráðagerða. Meðal annars kom upp sú hugmynd hvort ekki væri

hægt að hafa fötu með prikum út í Kálfshamarsvík, svo ferðalangar gætu varist kríuárásam. Bjarney á Tjörn var ekki lengi að ganga í málið og nú má finna fötuna góðu við hliðið.

Þess má geta að það vatnslögn fyrirsalernishúsið er komin í lag.

(Mynd: Bjarney Jónsd.)

